



Breytingar á Evrópulöggjöf um endurskoðun

Þann 3. apríl sl. var samþykkt í Evrópuþinginu breyting á tilskipun Evrópusambandsins um endurskoðun og ný reglugerð samhliða. Lauk þar með fjögurra ára vegferð innan Evrópusambandsins um mótnun nýs regluverks um endurskoðendur og endurskoðun sem vakið hefur mikla umræður og deilur. Grunnurinn að nýrri löggjöf var lagður fram með sérstakri skýrslu, *Audit Policy: Lesson from the Crisis*, sem útgefin var af framkvæmdastjórn ESB árið 2010 og hefur gengið undir nafninu *Green Paper*. Skýrslan þótti boða breytingar sem einkenndust af auknum kröfum til endurskoðenda og endurskoðunar, frekari opinbers eftirlits og ítarlegri regluverki með störfum endurskoðenda. Í meðferð þingnefnda og annarra álitsgjafa hafa tillögurnar breyst umtalsvert. Ljóst er að þessar breytingar munur kalla á breytingar á löggjöf um endurskoðendur og endurskoðun hér á landi.

Hér á eftir er umfjöllun um helstu breytingar tilskipunarinnar og reglugerðarinnar og hvaða afleiðingar þær munu koma til að hafa hér á landi að mati Félags Löggiltra endurskoðenda (FLE).

Ráðningartímabil endurskoðunarfyrtækja

Aðildarríkjum er skylt að innleiða löggjöf sem gerir útskiptingu endurskoðunarfyrtækja (e. mandatory audit firm rotation) að skyldu með þeim hætti að endurskoðunarfyrtækji getur tekið að sér endurskoðun fyrir einstakt fyrirtæki að hámarki í 10 ár. Að þeim tíma liðnum skal skipta um endurskoðunarfyrtækji. Aðildarríkjum er heimilt að lögleiða styttra tímabil.

Aðildarríkjum er heimilt að framlengja ráðningartímabilið um allt að önnur 10 ár en þá eingöngu ef útboð á endurskoðunarþjónustu viðkomandi fyrirtækis hefur farið fram í lok fyrra tímabils. Hámark ráðningartímabils er því samantlagt 20 ár, en ef um sameiginlega endurskoðun er að ræða þ.e. tvö endurskoðunarfyrtækji árita ársreikninginn (e. joint audit) er hámark tímabilsins 24 ár.

Ákvæði ráðningartímabils og framlengingu þess eiga eingöngu við um fyrirtæki sem teljast einingar tengdar almannahagsmunum (e. Public Interest Entities). Hér á landi eru einingar tengdar almannahagsmunum skilgreindar sem félög skráð á hlutabréfa- eða skuldabréfamarkaði, fjármálafyrirtæki, váttryggingarfyrirtæki og lífeyrissjóðir.

Í lögum hér á landi eru að finna ákvæði um útskiptingu endurskoðunarfyrtækja á að minnsta kosti 5 ára fresti hjá fjármálafyrirtækjum og váttryggingarfyrirtækjum. Gera þarf því breytingar lögum svo þessi ákvæði nái til allra fyrirtækja sem flokkast sem einingar tengdum almannahagsmunum. FLE hefur einnig lagt á það áherslu að 5 ára útskiptingarreglan sé tekin til endurskoðunar enda stangast hún á við viðmið í nýsamþykktum breytingum á Evrópulöggjöfinni og er ein strangasta löggjöf á þessu sviði í Evrópu.

Útskipting endurskoðenda

Til viðbótar við kröfu um útskiptingu endurskoðunarfyirtækja er einnig gerð krafa um útskiptingu endurskoðandans sjálfs sem undirritar ársreikninginn á að minnsta kosti 7 ára fresti, en starfsmönnum endurskoðunarfyirtæksins er þó áfram heimilt að koma að verkefnum. Þetta ákvæði er óbreytt í tilskipun Evrópusambandsins og hefur verið í íslenski löggjöf um nokkurt skeið.

70% þak á endurskoðunartengda þjónustu

Til að tryggja óhæði endurskoðenda eru takmörk sett á þá þjónustu sem endurskoðendum er heimilt að veita fyrirtækjum í endurskoðun. Þessari þjónustu má skipta í tvennt, endurskoðunartengdri þjónustu (audit related services) og síðan annarri þjónustu (non-audit services). Endurskoðunartengd þjónusta er þjónusta sem er staðfestingarvinna í eðli sínu án þess að teljast til endurskoðunar ársreikninga og ætti því að öðru jöfnu ekki að hafa áhrif á óhæði endurskoðandans. Slík þjónusta er heimil en má þó ekki nema meira en 70% af heildarþóknunum endurskoðandans vegna tiltekins viðskiptavinar yfir 3ja ára tímabil. Þessi ákvæði ná eingöngu til endurskoðunar eininga tengdum almannahagsmunum.

Engin ákvæði eru um takmörkun á endurskoðunartengdri þjónustu í núgildandi reglum hér á landi.

Bannlisti (e. black list) fyrir aðra þjónustu endurskoðenda

Önnur þjónusta sem endurskoðunarfyirtæki veitir viðskiptavinum sínum samhliða endurskoðun en telst ekki til endurskoðunartengdrar þjónustu er gerð óheimil. Er farin sú að leið að tilgreina skal í lögum hvaða þjónustu er óheimilt að veita samhliða endurskoðun, svonefndum bannlista. Er þar átt við þjónustu líkt og skattaþjónustu, fjármálaþjónustu, fjármálaráðgjöf og lögfræðiþjónustu svo dæmi séu tekin. Aðildarríkjum er heimilt að bæta á listann öðrum þjónustubáttum sem þau telja skerða óhæði endurskoðandans. Þessi ákvæði ná eingöngu til endurskoðunar eininga tengdum almannahagsmunum.

Framangreind ákvæði eru sambærileg þeim og er að finna í Siðareglum endurskoðenda sem FLE hefur innleitt og hafa verið sérstaklega samþykktar hér á landi. Að því gefnu að íslensk stjórnvöld sjái ekki ástæðu til að takmarka enn frekar þjónustu endurskoðenda samhliða endurskoðun ættu því áhrif þessara ákvæða ekki að vera veruleg.

Tilkynningarskylda endurskoðenda

Endurskoðendum er gert skylt að tilkynna til eftirlitsaðila eininga tengdum almannahagsmunum um brot á lögum, brot á innri starfsreglum og/eða ef vafi leikur á rekstrarhæfi, ásamt öðrum þáttum.

Hér á landi hefur verið til staðar ákvæði um tilkynningarskyldu endurskoðenda til Fjármálaeftirlitsins í sambærilegum aðstæðum vegna fjármálaþjónustækja. Mögulega þarf því að útvíkka tilkynningarskyldu endurskoðenda enn frekar með breyttri löggjöf, þá sérstaklega er varðar eftirlit með félögum skráðum í Kauphöll.

Beiting alþjóðlegra endurskoðunarstaðla

Aðildarríki skulu skylda endurskoðendur og endurskoðunarfyirtæki að beita alþjóðlegum endurskoðunarstaðlum (e. International Standards on Auditing – ISA's) við endurskoðun ársreikninga. Er hér um breytingu að ræða frá eldri tilskipun þar sem eingöngu var hvatt til upptöku alþjóðlegra endurskoðunarstaðla. Aðildarríkjum er heimilt að gera kröfur um frekari endurskoðunaraðgerðir en

kveðið er á um í alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum í sérstökum tilfellum. Ef lítil fyrirtæki eru endurskoðunarskyld er aðildarríkum heimilt að innleiða sérstakar reglur þar sem alþjóðlegir endurskoðunarstaðlar eru skalaðar niður til að endurspegla stærð og flækjustig viðkomandi félaga.

Alþjóðlegir endurskoðunarstaðlar hafa verið lagaskylda hér á landi frá árinu 2009. Því er ekki að vænta neinna breytinga vegna þessara ákvæða hér á landi. Þó hafa gagnrýnisráddir verið uppi um hversu hentug notkun þessara staðla er við endurskoðun lítilla fyrirtækja og gæti því verið tækifæri til að létta á kröfum til endurskoðunar lítilla fyrirtækja ef fylgt er heimildarákvæðum tilskipunarinnar um að skala alþjóðlega endurskoðunarstaðla niður til samræmis við stærð og flækjustig.

Gæðaeftirlit með störfum endurskoðenda

Í tilskipun Evrópusambandsins er kveðið á um að gæðaeftirlit með störfum endurskoðenda skal vera á hendi opinberra aðila. Þó er kveðið á um að þeir opinberu aðilar sem annast eftirlit með störfum endurskoðenda geta úthýst hluta af starfssemi sinni. Hér á landi hefur Endurskoðendaráð haft eftirlit með störfum endurskoðenda. Samkvæmt lögum um endurskoðendur er þó framkvæmd gæðaeftirlits í höndum FLE en á ábyrgð Endurskoðendaráðs.

Nú er þær breytingar gerðar á tilskipun Evrópusambandsins að óheimilt er að úthýsa gæðaeftirliti með störfum endurskoðenda er varðar endurskoðun eininga tengdra almannahagsmunum. Því er ljóst að breytingar þarf að gera á fyrirkomulagi gæðaeftirlits og getur FLE ekki haft með höndum gæðaeftirlit með endurskoðun eininga tengdra almannahagsmunum. Hefur nú þegar verið brugðist við þessu með nýju frumvarpi um breytingar á lögum um endurskoðendur þar sem lagt er til að gæðaeftirlit flytjist alfarið frá FLE til Endurskoðendaráðs.

Álit Félags löggiltra endurskoðenda

Hér hafa verið tilgreindar helstu breytingar á tilskipun og reglugerð Evrópusambandsins en ekki er um tæmandi lista að ræða. Breytingarnar eru fjölbreyttar og taka til ýmissa þátta. Flestar af ofangreindum breytingum þurfa íslensk stjórnvöld að innleiða sem fyrst þar sem þær eru í formi reglugerðar. Íslensk stjórnvöld hafa síðan 2 ár til að innleiða breytingar á tilskipunum Evrópusambandsins.

Það er mat FLE að breytingar á Evrópulöggjöfinni séu almennt séð jákvæðar og styrki stoðir um óhæði endurskoðandans og séu þannig líklegar til að auka gæði endurskoðunarinnar til framtíðar. Þær breytingar sem gera þarf hér á landi eru flestar mjög jákvæðar og munu leiða til aukins samhljóms við regluverk erlendis. Ákall um breytingar á umhverfi endurskoðunar í kjölfar hinna alþjóðlegu fjármálakreppu hefur verið svarað af skynsemi og yfirvegun en ekki með um of íþyngjandi reglum sem væru hvorki viðskiptalífínu til hagsbóta né almannahagsmunum.

FLE vill benda þeim aðilum á sem vilja kynna sér málið frekar að hægt er að nálgast ítarlegri gögn og upplýsingar inn á heimasíðu Evrópusambands endurskoðenda (FEE) www.fee.be.

Frekari upplýsingar veita Sturla Jónsson, formaður FLE í 520 7000 og Sigurður B. Arnþórsson, framkvæmdastjóri FLE í 568 8118.